

Fleiri gerast vegan

Verlanir finna fyrir aukinni sölu á vörum sem ekki innihalda dýraafurðir 4



Falið verk finnst

Áður óþekkt veggmynd eftir Hörð Ágústsson fannst bakvið þil í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar. Fundur verksins er talinn mikilvægur í íslenskri listasögu 12



Taka við Víðsjá

Helgi Snær og Halla Þór-
laug eru nýir stjórnendur
rótgróins þáttar á Rás 1 36

7. ÁGÚST 2016

SUNNUDAGUR

Morgunblaðið

Björk kveikti áhugann

Ben Strohmann heillaðist af Björk á unglingsaldri og ákvað að hann yrði að læra hennar móðurmál - íslensku. Hann er nú á landinu sem dragdrottningin Honey LaBronx en hún ætlar bæði að taka þátt í Gleðigöngunni um helgina og halda fyrirlestur um dýravernd á Vegan festival um næstu helgi 14



VIÐTAL

„Björk, takk fyrir líf mitt, takk fyrir íslenskuna“

Ben Strohmann er New York-búi, dragdrottning, ljósmyndari, fyrrverandi þjónn, veganisti, fémínisti, húanisti, dýraverndunarsinni, einn helsti aðdáandi Bjarkar, íslenskunemi, hommi, og nú nýlega fyrirlesari um réttindi dýra og veganisma. Í draggervinu heitir hann Honey LaBronx og segist hann nota athyglina sem hún fær til að vekja athygli á því sem skiptir hann mestu máli, réttindum dýra.

Asdis Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is

Það var við hæfi að hitta gallharðan veganista á Gló á Klapparstíg. Ég kem auga á Ben í biðröðinni og heilsa á ensku. Hann svarar á íslensku. Hann pantar sér mat og hvíslar að mér: How do you say receipt? Ég svara því. „Get ég fengið kvittun?“ spyr hann afgreiðsludómuna hátt og skýrt. Framburðurinn er nokkuð góður hjá þessum Íslandsvini sem kominn er hingað í þetta sinn til að halda fyrirlestur um málefni og réttindi dýra. Það mun hann gera sem dragdrottningin Honey LaBronx. Og að sjálf-söguð mætir hann á Gay Pride þar sem hann vonast eftir að hitta goðið sitt, Björk.

Alltaf skotinn í strákum

Við komum okkur fyrir á svölumum í sólinni og ákveðum að tala ensku. Ben notar samt tækifærið annað slag og slær um sig á íslensku. Ég er forvitin að vita hvaðan hann er; hver hann er. „Ég er jafn gamall og alheimurinn og jafn ungur og augnablikið,“ svarar Ben þegar ég spyr um aldur.

Ben ólst upp Milwaukee, Wisconsin, en hefur búið síðustu 16 árin í New York. Hann segist aldrei hafa efast um kynheild sína. „Ég hef alltaf vitað að ég væri hommi. Það kom aldrei sú stund í mínu lífi þar sem ég þurfti að uppgötva það að ég væri hinesgin, að ég væri öðruvísi. Alveg frá því ég var smástrákur vissi ég það. Ég man eftir því að ég var kannski þriggja ára og sá stráka í sjónvarpinu, þá vissi ég að ég væri hrifinn af strákum og eins á leikskólunum. En allt fullorðna fólkio sagði við mig að einn daginn myndi ég giftast konu. Ég hugsaði, hvernig vitidi þú það? Hvernig getið sagt hvað muni gerast í lífi mínu? Ég er mjög ánægður að ég ólst upp við þetta því alveg frá þriggja ára aldri hef ég þurft að hugsa um hver ég er í raun og veru. Í fyrsta bekk var ég skotinn í strák; hann leit út eins og lítill Harrison Ford. Mér fannst hann svo sætur og ég sendi honum litla ástarmíða og skrifaði á töfluna: Ben loves Doug. Ég þældi ekkert í því en einn nemandinn sá þetta og frikaði út. Ég horfði á Doug rífa miðann í tætlur,“ segir Ben en hann hefur skrifað einþáttung um atvikið.

Ég spyr hvort hann hafi verið niðurbrotinn þegar þetta gerðist. „Ég er ekki tilfinninganem manneskja, þótt það gæti virst þannig. Það er

mjög auðvelt fyrir mig að setja tilfinningar mínar í litla kassa og setja þá til hlíðar einhvers staðar. Kannski þarf ég einhvern tímann að dila við alla þessa kassa. En ég man að ég var dálítið sár en skildi það,“ segir hann. „Svo í öðrum bekk skildi ég að ég ætti ekkert að vera að tala um þetta. Það var svo ekki fyrir en sjö árum seinna, svona um þrettán ára að þetta kom aftur upp sem umræðuefni. Internetið var þá nýkomið og ég gat þá farið þangað og hitt aðra sem voru hinesgin og ég kynntist fólki sem var eins og ég. Þá fann ég minn „þjóðflokk“ og sá hvar ég passaði inn,“ segir Ben.

Hommafrændinn

Ben segir foreldra sína hafa verið skilningsríka þótt það hafi verið erfitt fyrir þau. Hann segist hafa heyrt margar slæmar sögur og jafnvel hræðilegar um viðbrögð foreldra við því að barn þeirra komi út úr skápnum. Sumir vinir hans hafi sagt að hann ætti að vera glaður að ekkert slæmt hafi komið fyrir hann. „Ég segi nei, ég ætla ekki að vera glaður yfir því að það gerðist ekkert slæmt hjá mér, bara vegna þess að hlutirnir geta verið hræðilegir ætla ég ekki að vera þakklátur að ég hafi ekki verið drepinn. Mér finnst ég eiga það skilið að njóta sömu réttinda og fá sömu meðferð og allir aðrir,“ segir Ben. „Þegar ég sagði foreldrum mínum og systkinum mínum að ég væri samkynhæigður fóru þau að haga sér öðruvísi, haga sér í samræmi við það. Ég sagði við einn fjölskyldumeðlim um daginn: mér líður eins og ég sé hommafrændinn þinn, ekki bara frændi þinn,“ segir hann og útskýrir að hann vilji ekki vera settur í ákveðinn flokk vegna kynhneigðar sinnar.

Hann segir að fólk eigi það til að halda að vegna þess að hann sé hommi hafi hann áhuga á hlutum sem fólk haldi að allir hommar hafi áhuga á. „Ég vil ekki að fókusinn og athyglin fari á þá staðreynd að ég er samkynhæigður. Ég hugsa ekki um það daglega að ég sé hommi. Þegar ég var yngri, og var að berjast við að skilgreina hver ég var, var það mjög mikilvægt fyrir mig að skilgreina mig sem homma. Núna hef ég miklu meiri áhuga á að ég sé vegan, að ég

Í fyrsta sinn sem ég hlustaði á Gling-Gló og heyrdi hana syngja Luktar-Göendur hugsaði ég, á ég að lifa restina af lífinu og vita ekki hvað hún er að syngja um? Og á þeirri stundu hugsaði ég, fjandinn. Nú þarf ég að læra íslensku.

sé dýraverndunarsinni, að ég sé fémínisti; að vera á móti mismunum vegna litarháttar. Ég vil frekar finna mig þar, því það að vera samkynhæigður er bara tilviljun. Og þeir einu sem þurfa að vita það eru þeir mjög, mjög, mjög svo heppnu menn sem fá að fara heim með mér,“ segir hann og brosir.

Át varaliti mömmu sinnar

Honey LaBronx er persóna sem Ben hefur skapað og þróað í gegnum árin. Þegar hann fer í gervi hennar getur hann tjáð sig á annan hátt og fær útrás fyrir sýningarþörfina en hann hefur ávallt dreymt um að standa á sviði á Broadway og leika og syngja.

Ég spyr um þennan kvenmann og hvaðan hún sé. „Ég skal segja þér, Honey LaBronx er lygari og þjófur. Nei, ég er bara að grínast!“ segir hann og útskýrir málið. „Jafn lengi og hef vitað að ég væri hommi hef ég vitað að ég vildi verða dragdrottning. Alla mína ævi. Ef þú hefir spurt mig þegar ég var fimm ára, á ég að klæða þig upp sem konu hefði ég ápt. Já!“ segir Ben en hann man vel eftir að hafa leikið sér með förunarvörur möður sinnar. „Ég man að ég át varalitin hennar mömmu. Þú veist að það er sagt að við séum öll bleik að innan? Ég

alveg sérstaklega, út af öllum varalitinum sem ég át! Ég er eina dragdrottningin sem malar sig að innan,“ segir hann í gríni. „Ég man hvað mér fannst gaman að leika mér að málingardótinu hennar mömmu,“ segir hann. „En ég klæddi mig ekki beint upp sem dragdrottning áður fyrr. En ég var alltaf að setja á mig hárkollur, slæður eða gleraugu. Svo var ég níttján ára og var alltaf að heimsækja New York og einn daginn datt mér í hug nafnið Honey LaBronx, það bara kom til mín. Guð gaf mér dragnafnið mitt. En ég gerðist ekki dragdrottning fyrr en ellefu árum seinna,“ segir Ben og segir frá upphafinu. „Það vantaði nokkrar amatør dragdrottningar til að skemmta og selja míða á göggeróarsamkomu. Vinur minn bauð mig fram sem dragdrottningu. Og ég sló til og vinur minn farðaði mig. Og þótt ég líti hræðilega út söguð allir að ég líti aðíslega út. Þau vissu ekki hver



Ben Strohmann er mikill Íslandsvinur og er

ég var, sáu mig ekki og mér leið eins og ég væri ósýnilegur; eins og ég væri í dulargervi og það var svo aðísleg upplifun að ég vissi að ég vildi halda þessu áfram,“ segir Ben sem fann sig strax í hlutverkinu.

Dragmóðirin er heimsfræg

„Og þennan fyrsta dag sem dragdrottning fór ég baksviðs og þar var mjög myndarlegur svartur maður að farða sig. Við fórum um spjalla en hann hét þá dragnafninu Kitten Wit-hawhip. Hann varð svo bestvi vinur minn en nú heitir hann Bob the Drag Queen og vann hann seríu 8 af RuPauls Drag Race. Hann vann keppnina í júní og er því frægasta dragdrottningin í heimi í dag! En ég er búinn að þekkja hann lengi. Fyrsta árið sem ég var að koma fram í dragmeð fötin mín og fördun því ég hef ekki mikið tiskvít. Það endaði með því að ég flutti inn til hans og við hjuggum saman í fjögur ár,“ segir hann.

Missti vinnuna sem þjónn

Ben segir að Bob the Drag Queen hafi það mjög gott fjárhagslega. „Það er mjög hvetjandi að nú fær hann að ferðast um heiminn og gera það sem hann elskar að gera. Og



Ljósmynd/DaVide LaFie



Morgunblaðið/Ásdís

nú kominn hingað til að halda fyrirlestur um réttindi dýra. Hann er nokkuð sleipur í íslensku en áhuginn á Íslandi og íslensku kviknaði vegna tónlistar Bjarkar Guðmundsdóttur.

hann sagði alltaf við mig, ef þú gerir það sem þú elskar, þá munu peningarnir koma í kjölfarið. Ég bjó með honum þegar hann hætti í öllum vinnunum sínum. Ég horfði á hann vinna sig upp úr engu. En ég ætlaði að gera þetta öðruvísi, vinna alls kyns vinnu og safna peningum. En ég missti vinnuna mína fyrir nokkrum vikum. Ég ætlaði ekkert að segja þessa sögu. Ég var þjónn á veganveitingastað en var rekinn, alveg óvænt. Og það fyrsta sem ég hugsaði, ég þarf að finna mér aðra vinnu, sem þjónn, eða barþjónn en svo hugsaði ég, nei! Tvö ár á þessum veitingastað hafa ekki gert neitt fyrir frama minn sem dragdrottning, nú ætla ég að ákveða sjálfur hvað ég geri. Og ég þurfti að setjast niður og spyrja mig, hvað vil ég í raun og veru gera?

Í New York er hægt að lifa góðu lífi á því að vera dragdrottning. Maður þarf að finna bar og fá að koma þar fram, kannski vikulega. En í hjarta mínu var þetta ekki það sem ég vildi gera, ég er ekki bartýpan. Ég drekk ekki og þótt ég geti alveg verið innan um fólk sem drekkur þá nenni ég ekki að þurfa að eiga við drukkð fólk. Þannig að ég spurði mig, ef ég vildi ekki vera bardrottning, hvað vildi ég gera við líf mitt? Þetta var erfið spurning og ég hugsaði málið í tvær vikur. Ég er dýraverndunarsinni og ég loksins komst að því að ég vildi tala um dýravernd til að bæta heiminn. Ég vil lifa lífinu mínu

fyrir dýrin, bæði mennsk og ekki mennsk. Þannig að ég ákvað að ég vildi verða alþjóðlegur fyrirlesari fyrir réttindum dýra,“ segir hann og ákvað að elta drauminn sinn.

Aldrei haldið fyrirlestur

Ben hætti því við að sækja um venjuleg störf og ákvað að fara til Íslands og Berlínar og halda fyrirlestura þar. „Ég hef aldrei áður haldið fyrirlestur. Ég á ekkert í vandraðum með að tala, en hef ekki haldið fyrirlestur. En ég ákvað að taka allan þann pening sem ég ætти og kaupa mér flugmiða til Íslands og Berlínar. Vinur minn lánaði mér þúsund dollara en ég ákvað að setja af stað söfnun á netinu. Þar það ég fólk að hjálpa mér svo ég gæti komið hingað og farið til Berlínar og haldið fyrirlestura um dýraréttindi. Ég var ekki einu sinni bókaður neins staðar. Ég hugsaði, annað hvort er Bob lygari eða hann veit eitthvað sem ég veit ekki. Ég ætla bara að gera þetta og peningarnir munu fylgja,“ segir hann en söfnunin fór hægt af stað.

Leslie Jones trúir á mig

„Og nú komum við að annarri sögu, sem tengist þessari. Veistu hver Leslie Jones er? Ég hef elskað hana og hennar uppistand síðan 2006. Ég hef verið edrú mína í átta ár en þetta var fyrir þann tíma og ég var mjög vonlaus og þunglyndur. En þegar hún kom á skjáinn hló ég svo mikið að

Eigum úrval af handklæðaofnum



hafðu það notalegt



**OFNASMIÐJA
REYKJAVÍKUR**

 EN 442

Vagnhöfða 11 - 110 Reykjavík - www.ofnasmidja.is - sími 577 5177

VIÐTAL



hún neyddi mig til að finna von og gleði á ný. Í dag er hún ein af Saturday Night Live-grínistunum og er í nýju Ghost Buster-myndinni sem er leikin einungis af konum. Hún er svarta konan og ein af stjórnun myndarinnar,“ útskýrir hann fyrir blaðamanni. „Ég sendi henni skilaboð og vinabeðni á facebook fyrir mörgum árum. Ég sagði henni hversu mikill aðdáandi ég væri, að ég væri dragdrottning og að ég notaði efnið hennar á dragsýningum mínum. Hún svaraði þá, fyrir mörgum árum, að hún elskaði dragdrottningar og væri glöð að heyra þetta. Ég sendi henni svo núna fyrir mánuði skilaboð aftur og sagði henni hversu stoltur ég væri af henni, hversu langt hún hefði náð. Ég myndi deyta ef ég sæi hana. Í alvöru, ég gæti dáið. Ég er haldinn sjaldgæfu heilkenni sem virkar þannig að ef ég hitti Leslie Jones þá springur ónæmskerfið mitt. Ég get því aldrei hitt hana, eða verið í sama herbergi og hún,“ segir hann og hlær.

„Þá samþykkti hún vinabeðnina mína, þessa fjögurra ára gömlu vina-beðni. Og hún deildi myndbandi af mér að sýna atríðið hennar. Svo sendi hún mér skilaboð og sagði mér að tékka á söfnunarsíðunni míni og sagði mér að skemmta mér vel á Íslandi. Og nú færðu að vita hvernig þetta tengist! Leslie Jones gaf mér tvö þúsund dollara svo ég gæti farið til Íslands að elta drauma mína! Og ég þakkaði henni aftur og aftur og hún sagði, hey, einhver gerði þetta fyrir mig og það gleður mig að gera þetta fyrir þig. Þannig að þessi kona í sjónvarpinu trúir á mig. Þannig að



Ljósmynd/Leland Bobbé

Hálfur Ben og hálf Honey eru hér saman á mynd.

hingað er ég kominn og mun koma fram á Vegan festival á Thorsplani laugardaginn 13. ágúst og halda fyrirlestur í tengslum við hátíðina á Gló í Fákafeni sunnudaginn 14. ágúst kl.14. Ég verð eini fyrirlesarinn, engin pressa! Og svo fer ég til Berlinar og held fyrirlestur á Berlin Vegan Summer Festival.“

Dýraréttindi í síðasta sæti

Ben segir að hann sé ekki að fara að tala um hvers vegna hann sé vegan. Hann segist ekki þurfa að breiða út vegan-boðskapinn í stórum hópi af fólki þar sem allir eru vegan. Hann

telur að næsta skrefið í dýraverndunarumræðunni sé sú hugmynd að tala um réttindi almennt. „Fyrst berjumst við fyrir réttindum samkynhneigðra, svo kvenréttindum, svo svarttra og ef við höfum tíma þá berjumst við fyrir réttindum transfólks. Ef það er þannig sem fólk berst fyrir réttindum munu réttindi dýra alltaf lenda í síðasta sæti. Og við komumst aldrei þangað. En við vitum að við getum gert margt í einu. Og ég vil tala um að horfa á veganisma sem einn hluta af stórum myndinni í réttindabaráttu. Ég veit hvað það er að þurfa að berjast fyrir mínum rétt-



Honey LaBronx er talsmaður veganisma og dýraverndunar.

indum. Og ef ég sem samkynhneigð manneskja heimita frelsi og rétt þarf ég að vera tilbúinn að gera það sama fyrir aðra. Ég verð að vera lifandi dæmi um þá breytingu sem ég vil sjá í heiminum,“ segir hann en fyrirlesturana flytur Honey LaBronx.

Honey LaBronx fær athygli

„Ég hef komist að því að þegar ég er í draggervinu hlusta allir á það sem ég hef að segja. Allir elska dragdrottningar! Miklu meira en trúða, fólk hræðist trúða. Ég finn að það að vera í drag er frábær leið til að ná athygli fólks, svo ef ég hef athygli þeirra,

hvernig vil ég nýta mér það? Svo ég nota draggervið sem aðferð til að koma skilaboðum mínum á framfæri um veganisma og réttindi dýra. Og það hljómar kannski eins og mont eða að ég sé að upphefja sjálfan mig en það eru ótal manneskjur sem hafa sagt mér að þær hafi orðið vegan vegna mín. Nýlega kom tólf ára stúlka að máli við mig og sagðist vera vegan af því hún hefði séð vegan-matreiðsluþáttinn minn,“ segir Ben en hann hefur lengi verið með þætti á Youtube sem heita The Vegan Drag Queen Cooking Show.

Ben er einnig með hláðvarp á Big



Ben fer gjarnan í gervi dragdrottningar og heitir þá Honey LaBronx. Hann segist nota hana til að koma boðskap sínum á framfæri því allir elski dragdrottningar. Ben nýtur þess að vera í sviðsljósinu og klæða sig upp en hann dreyndi lengi vel um að komast á svið á Broadway. Þar starfaði hann reyndar lengi sem ljósmyndari.

Morgunblaðið/Þórður

„Ég man að ég át varalittim hennar mömmu. Þú veist að það er sagt að við séum öll bleik að innan? Ég alveg sérstaklega, út af öllum varalittinum sem ég át! Ég er eina dragdrottningin sem málur sig að innan.“

Fat Vegan Radio. „Fólk hlustar á það víða um heim og margir hafa orðið vegan eftir það. Einhvers staðar úti í heimi er einhver að hlusta og ákveða að gerast vegan. Á meðan ég hef þessa athygli vil ég nota hana til að gera heiminn að betri stað.“

Með myndavél á Broadway Ben starfaði lengi sem ljósmyndari en hann lenti óvart inn í þeim geira eftir að hann tók eftir mjög slæmum ljósmyndum eftir vin sinn sem var blaðamaður á Playbill, tímariti sem fjallar um leikhúslífið í New York. „Myndirnar hans voru hræðilegar, þannig að ég bauðst til að taka þetta að mér. Í svona ár elti ég hann um allt með myndavélina og vann frítt. Og lokstins var mér boðið starf hjá Playbill og það var fyrir árbók. Ég var sendur baksviðs á hverri einustu Broadway-sýningu að mynda allt fólkíð sem er á bak við tjöldin, alla nema leikarana. Allt fólkíð sem fær venjulega ekki athyglina. Ég myndaði þarna frá 2004-2008 og myndaði þúsundir manna,“ segir Ben. „Það



Honey LaBronx sýnir á sér ýmsar hliðar og á marga kjöla og hárkollur.

Ljósmynd/David Laffé

var mjög gaman en að sama skapi var það dapurlegt fyrir mig því ég hafði upphaflega flutt til New York til að verða einn af þeim, til að komast á Broadway. En staðreyndin er sú, að ég reyndi það aldrei. En ég hef verið á öllum sviðum, öllum bakherbergjum, alls staðar. Lyktin af mér er í hverju herbergi, í hverju horni í hverju einasta leikhúsi á Broadway. En rétt fyrir sýningar var mér sagt að drifa mig út, ég var fyrir. Þannig að þetta var orðið dálítið dapurlegt.“

„Stór“ aðdáandi Bjarkar

Ég spyr um tengsl hans við Ísland og hvernig í ósköpum standi á því að New York-búi, sem á enga fjölskyldu hér, sé búinn að læra íslensku meira og minna í tíu ár. „Þetta er svo heimskulegt! Íslenska er það tungumál sem er ónaútsýnlegast að læra í öllum heiminum! Það er bara talað hér og hér tala allir ensku,“ segir hann og upplýsir hvers vegna. „Ég er stór aðdáandi Bjarkar,“ segir Ben á íslensku. „Ég uppgötvaði Björk á MTV þegar ég sá myndbandið við It's oh so quiet. Ég var „skakkur“ unglingur og það þurfti mikið til að fá mig til taka eftir einhverju. En á þeirri mínútu sem þetta kom í sjónvarpinu var ég sem steinunninn. Ég hugsaði, hvað er þetta! Ég fékk svo mikinn áhuga á henni og í mörg ár hlustaði ég á tónlistina hennar. Svo kom Homogenic og ég vissi ekki hvað ég ætti að gera við það,“ segir Ben.

Myndin Dancer in the Dark með Björk í aðalhlutverki var frumsýnd árið 2000 og hafði djúp áhrif á Ben. „Ég græt ekki oft. En ég sá þessa mynd og það opnuðust flóðgáttir. Ég átti ekki að horfa á þessa mynd tuttugu sinnum en ég gerði það. Það er sjálfspínung!“ segir hann og heldur áfram. „Björk sagði víst nei við þessu handriti átta sinnum en sagði svo að einhver þyrfti að berjast fyrir þessari persónu, Selmu. Sú umönnun sem hún sýnir í þessu hlutverki, mann-gæskan. Ég samsama mig þessari persónu. Myndin sýndi mér líka hvað gerist ef maður hugsar alltaf um alla aðra en ekki sig sjálfan. Ef maður segir aldrei hug sinn. Þá verður enginn til að sjá um mann á endanum. Þegar þessi mynd kom út var ég á þeim tímupunkti í lífi mínu að ég uppgötvaði að ég stóð aleinn í þessu lífi. Ég áttaði mig á að enginn myndi sjá um mig nema ég sjálfur,“ segir hann um þau áhrif sem myndin hafði á hann.

Gling-Gló kveikti áhugann „Eftir myndina fór ég aftur og hlustaði á Homogenic. Og allt í einu skildi ég hvað hún var að segja. Og ég elskaði þessa plötu. Þannig að ég fór að grúska um Björk og fann Gling-Gló sem er að mestu á íslensku. Í fyrsta sinn sem ég hlustaði á Gling-Gló og heyrði hana syngja Luktar-Gvendur hugsaði ég, á ég að lifa restina af lífinu og vita ekki hvað hún er að syngja nú? Og á þeirri stundu hugsaði ég, fjandinn. Nú þarf ég að læra ís-

lensku. Og ekki bara til að vita hvað lagið hjóddi heldur langaði mig í alvöru að læra tungumálið. Og ég byrjaði á að læra íslensku í gegnum tónlistina hennar Bjarkar og lærði öll lögin. Ég kom svo hingað árið 2003 í fyrsta skiptið. Ég var staddur á pitsustað og lítill drengur sneri sér að mér og spurði: Hvað heitir þú? Og ég svaraði strax á íslensku, ég heiti Ben. Og ég hugsaði, guð mín góður! Ég skildi hann!“ segir Ben. „Þannig að fyrst uppgötvaði ég Björk og tónlistina hennar, svo íslensku vegna hennar.“

Skilaboð um lífið úr tónlist

„En mér finnst líka að tónlistin hennar sé alltaf að senda mér lítil skilaboð. Ég veit að þetta hljómar klikkað en mér finnst guð tala við mig í gegnum tónlistina hennar. Það sem ég þarf að heyrja, heyrir ég þar. Í opunarlagi á plötunni Medúlla segir hún: *The pleasure is all mine, to get be the generous one is the strongest stance. When in doubt, give.* Þetta lag minnir mig á hvernig ég komst hingað, af því að ég væri ekki hér ef einhver hefði ekki hjálpað mér en þetta fékk mig til að hugsa, hvað get



Ljósmynd/Anthony Moringello

ég gefið? Og ég áttaði mig á að ég sem ljósmyndari gæti tekið myndir fyrir fólk ókeypis, eins og til dæmis fyrir fátæka leikara sem vantaði portrett. Og einhvern veginn leiddi þetta allt mig til Íslands. Það er einhver ástæða fyrir því að ég á að vera hérna. Ég fæ svo mikla aukaorku hér, himinninn er öðruvísi, loftið er öðruvísi,“ segir hann.

Talaði við Björk

Kvöldið fyrir viðtalið kom Honey LaBronx fram á Dragsúgi. Ég spyr Ben hvort Björk hafi verið þar. „Ég veit ekki hvort hún var á meðal áhorfanda. Ég beið í anddyrinu á eftir í þeirri von að hitta hana. Allt mitt líf hef ég sagt að ég myndi aldrei vilja hitta Björk. Hvað í ósköpunum ætti ég að segja við hana!? Henni gengur þrýðilega án mín. En ég beið samt í anddyrinu því ef hún væri þarna myndi hún kannski heilsa upp á mig. Og ég beið og beið en hún var ekki þar. Þannig að ég fór út og fór að þakka saman í bílinn þegar það kemur einhver labbandi í áttina til mín, með slæðu yfir höfðinu. Ég hugsaði, hvaða dragdrottning er nú þetta? Og hún sagði við mig: Er það bíói? Og



Ljósmynd/Ben Strothmann

ég svaraði á íslensku, *Já sýningin er bíúin*. Og þá sló það mig að ég þekkti röðina hennar. Og ég gerði mér grein fyrir því að ég væri þarna að tala við Björk, í samtali sem ég hóf ekki! Og ég vildi að ég gæti sagt þér meir hvað okkur fór á milli, en ég segi það dagsatt, ég man það ekki. En ég veit að ég reyndi að tala við hana og man að ég sagði á íslensku: *Þú ert ástæðan fyrir því að ég tala íslensku*. Hún var mjög ánægð með það og sagði það. En svo man ég ekki meir, ég held að ég hafi tekið í höndina á henni,“ segir hann.

Ég spyr hvort hann hafi ekki náð mynd af þeim saman. „Nei! Og ég mun eyða því sem eftir er af lífinu í að spyrja mig hvers vegna ég hafi ekki að minnsta kosti spurt hana hvort ég gæti fengið mynd af okkur saman. En ég gaf henni nafnspjaldið mitt. Og Björk, ef þú ert að lesa þetta, takk fyrir líf mitt, takk fyrir íslenskuna,“ segir Ben og fær tár í augun. „Og Björk, ég verð á Gay Pride þannig ef þú sérð dragdrottningu með mjög mikild hár gerðu það og komdu og leyfðu mér að fá mynd af okkur og þá þarf ég aldrei að trufla þig fram-“

Villtu vita hvað þú færð fyrir fasteignina þína ?

Frítt verðmat

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Fasteignasala venjulega fólksins...

Hringdu núna !!!
527 1717

Notum eingöngu faglósmyndun
Traust og þjónusta alla leið

Ábyrgðarmaður Domusnova: Haukur Halldórsson, hdl., lfg.